

Alþingi, nefndarsvið  
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 135/2419*  
*komudagur 29.4.2008*

Garðabær 28. apríl 2008

## Umsögn vegna frumvarps til laga um endurskoðun á undanþágu frá 1. Kafla I. viðauka við EES-samninginn, 524. mál EES-reglur, breyting ýmissa laga.

Á fundi heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis þann 21. febrúar 2008 var ofangreint mál til umfjöllunar með hliðsjón af breytingum á lögum um matvæli nr. 93/1995, með síðari breytingum

Heilbrigðisnefnd þakkar fyrir að hafa fengið tækifæri til að koma að sínum sjónarmiðum. Nefndin telur frumvarpið, er varðar breytingar á lögum um matvæli, sé almennt til bóta og að öryggi neytenda sé haft að leiðarljósi svo fremi markaðseftirlit verði í lagi.

Nefndin óskar eftir að koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri þar sem orðalag mætti vera skýrara í einstökum greinum:

Í 6. grein frumvarpsins er gerð breyting á 9. grein laga nr. 93/1995. Þar segir m.a. að ráðherra sé heimilt að undanskilja frá starfsleyfisskyldu aðila sem ekki stunda starfsemi í ágóðaskyni. Ef átt er við meðal annars tímabundna fjáröflun líknarfélaga, íþróttafélaga og sambærilega starfsemi þarf að taka af allan vafa um að ekki sé hægt að fella hér undir aðra starfsemi. Hvort starfsemi sé stunduð í ágóðaskyni, s.s. rekstur mótuneyta skóla og leikskóla getur valdið óþarfa vafa. Æskilegt að greinin væri skýrar orðuð hvað þetta varðar.


Í 13. grein frumvarpsins er gerð breyting á 23. grein laga nr. 93/1995. Þar segir m.a. að Matvælastofnun sé heimillt að fela aðilum sem hlotið hafa faggildingu að annast tiltekin verkefni við framkvæmd eftirlits samkvæmt lögum þessum.

Í 22. grein laga nr. 93/1995 er gerð grein fyrir verkaskiptingu Heilbrigðisnefnda og Matvælastofnunar og er þar vísað í 6. grein laga nr. 95/1995.

Æskilegt væri að í 13. grein kæmi skýrt fram að Matvælastofnun geti einungis falið faggildum aðilum verkefni við framkvæmd eftirlits með þeim hlutum sem falla undir verksvið Matvælastofnunar og nánar er kveðið á um í 6. grein laga nr. 93/1995.

Af umsögn í fylgiskjali er ekki fjallað um nauðsynlegt eftirlit á markaði og kostnað sem því fylgir og óeðlilegt er að smásöluverslunin beri ein.

Virðingarfyllst,  
f. h. heilbrigðisnefndar.

  
Guðmundur H. Einarsson,  
framkvæmdastjóri.

